

//Á döfinni//

...: Jólabingó ...:

Jólabingó foreldrafélagsins verður haldið föstudaginn **30. nóvember** í matsal skólans kl. 19:00.

Spjaldið kostar kr. 400.



Að venju verða glæsilegir vinningar í boði og sjoppa til styrktar ferðasjóði nemenda opin gestum og gangandi.

...: Aðventuhátíð ...:

Kvenfélagið Eining er með sína árlegu aðventuhátíð á Laugalandi sunnudaginn **2. desember** milli kl. 13.00-16.00.

Kveikt verður á jólatrénu kl. 13.30 og jólaveinarnir mæta á svæðið.

...: Jólaprófin ...:

Jólapróf hefjast mánudaginn **10. desember** og þeim lýkur föstudaginn **14. desember**. Að jafnaði er eitt próf á dag. Kennst er samkvæmt stundaskrá þessa dags.

...: Föndurdagur ...:

Föndurdagurinn verður mánudaginn **17. desember**. Þá föndrum við og skerum út laufabrauð. Gott er að nemendur taki með sér kerti til að



skreyta, laufabrauðshníf og ílát undir laufabrauðið.

**Við bjóðum foreldra og forráðamenn barna í 1. - 4. bekk velkomna í skólann þennan dag til að taka þátt í föndrinu með börnum sínum.**

Best er að koma á bilinu milli kl. 09:10 - 11:10. Gaman væri ef allir tækju með sér jólasveinahúfu.

// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Dagur íslenskrar tungu ...:

Á degi íslenskrar tungu er hefð fyrir því að börnin í 1. og 2. bekk heimsæki elstu börnin í leikskólanum þar sem flutt er sameiginleg dagskrá. Í ár sýndu grunnskólabörnin leikrit um Bakkabræður og leikskólabörnin fluttu vísur sem þau höfðu æft. Einnig var rætt um tungumálið okkar og mikilvægi þess að halda í íslensku orðin og vernda þau. Í lokin söng svo allur hópurinn saman nokkur íslensk lög og höfðu allir gaman af. Þessi heimsókn er ekki bara skemmtilegt uppbrot heldur mikilvægur liður í samstarfi skólanna tveggja. Í tilefni að degi íslenskrar tungu 16. nóvember efndi Menntamálastofnun til vísasamkeppni grunnskólanema, Vísuþotn 2018. Nemendur í 3.-4. bekk spreyttu sig á því að botna tvo fyrriparta eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Lögð var áhersla á að nemendur á yngsta stigi einbeittu sér fyrst og fremst að ríminu, sem og að til-einka sér réttan hrynjanda í ljóðagerð. Áfram verður unnið með ljóð og ljóðagerð á komandi vikum en skilafrestur fyrir vísuþotnana er 12. desember. Nemendur í 5. - 6. bekk voru búin að semja ævintýri í hópvinnu sem þeir léku og tóku upp á degi íslenskrar tungu. Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina hófst formlega þennan dag hjá nemendum í 7. bekk og var farið sérstaklega í mikilvægi þess að koma texta vel og fallega frá sér. Dagurinn var fjölbreyttur og skemmtilegur þar sem íslensk tunga var í forgrunni hjá öllum nemendum skólans.



...: Skyndihjálp ...:

Föstudaginn 16. nóvember kom Viðar Arason björgunarmaður til okkar og hélt fyrirlestur um skyndihjálp fyrir 8.-10. bekk. Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að kunna eitthvað fyrir sér í skyndihjálp, en hann fór yfir hvað það er sem nemendur þurfa að gera þegar komið er að slysi. Þeim var m.a. öllum kennt að setja hvert annað í læsta hliðarlegu og boðið að æfa hjartahnoð á dúkku. Fyrirlesturinn var í boði kvenfélagsins Framtíðar í Ása-hreppi og er hann fyrsti af tveimur fyrirlesturum sem Viðar kemur til með að halda.



**...: Æfingadagur ...:**

Þriðjudaginn 18. desember er æfingadagur. Þann dag eru lokaæfingar fyrir litlu jólin. Jafnframt skreyta nemendur kennslustofur sínar og þá eru síðustu forvöð að setja jólakortin í póstkassa skólans.

**...: Generalprufa ...:**

Miðvikudaginn 19. desember verður jólahlaðborð og generalprufa fyrir litlu jólin.

**...: Litlu jólin ...:**

Fimmtudaginn 20. desember höldum við okkar hefðbundnu litlu jólin frá kl. 09:30-12:20. Þá bjóðum við öllum að koma og sjá leikrit, söngva og annað sem við höfum æft og gleðjast saman.

Að venju aka skólabílar nemendum til og frá skóla. Kl. 09:40-10:30 verða nemendur í stofum sínum með umsjónarkennurum og skiptast á jólakortum og fá einkunnir.

**Kl. 10:40 mæta foreldrar og aðstandendur því þá hefst jóla- og skemmtidagskrá.**

Frá kl. 11:40-12:20 verður dansað í kringum jólatréð og jólaleyfi hefst svo að loknum litlu jólonum.

**...:Skólabyrjun...:**

Skólahald hefst aftur að loknu jólaleyfi þann 3. janúar 2019 samkvæmt stundaskrá

kl. 08:30.

**...:Leikhús...:**

**Fyrirhugaðar leikhúsferðir eru:**

25. janúar með 7.-10. bekk á Einræðisherrann í Þjóðleikhúsinu.

24. febrúar með 1.-6. bekk á Ronju í Þjóðleikhúsinu.

**...: Félagsstarf skólans ...:**

Við byrjuðum árið á Innvígsluhátíð þar sem 8. bekkingar voru boðnir velkomnir í unglíngadeildina með tilheyrandi hætti. Kvöldið endaði svo á balli í unglíngadeildinni. Ég held að flestir hafi skemmt sér konunglega þetta kvöld. Seinna héldum við síðan svokallað kósýkvöld þar sem var spilað og farið í leiki. Haustballið var haldið á Hvolsvelli 10. október og var þar mikið dansað. Það varð reyndar smá misskilningur og hljómsveitin mætti einum og hálfum tíma seinna en gert var ráð fyrir, en DJ Baldur reddaði því! Einn kennari hafði meira að segja orð á því að við hefðum dansað meira en gert var á hans tíma! Við héldum Halloween ball þar sem allir mættu í búningi og síðan var bíó-kvöld þar sem horft var á myndina Stepbrothers og boðið var upp á popp. Fimmtudaginn 22. nóvember var svo Íþróttahátíðin haldin á Hvolsvelli þar sem farið var í ratleik, Tarzan leik og endað á sundlaugar partýi. Það var skemmtilegt!

Framundan er svo leynivínávika sem endar á jólaballi þar sem leynivínirnir gefa sig fram. Sameiginleg árshátíð skólanna þriggja Hella, Hvolsvöllur og Laugaland verður svo haldin á Laugalandi eftir áramót og erum við nú þegar farin að skipuleggja hana. Formaður nemendaráðs.

